

Árný Sigurðardóttir

Frá: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is
Sent: mánudagur, 13. janúar 2020 16:15
Til: Árný Sigurðardóttir; Heilbrigðiseftirlit; USK Þjónustu netfang
Efni: Fw: BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verkefni hundaeftirlitsins og hundaeftirlitsmanna í Reykjavík árin 2018 og 2019 - R20010132

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Tilvísun í mál: R20010132

Sæl

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er send heilbrigðiseftirliti til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan þriggja vikna.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R20010132

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verkefni hundaeftirlitsins og hundaeftirlitsmanna í Reykjavík árin 2018 og 2019 - R20010132

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verkefni hundaeftirlitsins og hundaeftirlitsmanna í Reykjavík árin 2018 og 2019 - R20010132

Fyrirspurnir Flokks fólksins um Hundaeftirlitið og störf hundaeftirlitsmanna. Hundaeftirlit er eitt af þeim verkefnum sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ber ábyrgð á og felst það í framfylgd ákvæða hundsamþykktarinnar. Óskað er upplýsinga um umfang, fjölda einstakra verkefna sem Hundaeftirlitið sinnti árið 2018 og 2019. Óskað er eftirfarandi upplýsinga um Hundaeftirlitið, Hundaeftirlitsmann og verkefni hans: Beðið er um að fá tímaskýrslur Hundaeftirlitsmanna fyrir árið 2018 og 2019. Spurt er hvort aukin rafræn samskipti hafi dregið úr og breytt umfangi starfs hundaeftirlitsmanns. Ef svo er hvernig þá, með hvaða hætti og í hvað miklum mæli? Ástæða spurningarinnar er sú að með tilkomu netsins hefur almenningur tekið við mörgum verkefnum eins og að koma týndum/fundnum hundum til síns heima. Hefur verið gerð óháð úttekt á á fjármálum Hundaeftirlitsins t.d. af innri endurskoðanda? Hvar er Hundaeftirlitið

til húsa, hver á húsnæðið og hver er leigan? Í ljósi þess að kvartað hefur verið yfir hundaleyfisgjaldi Reykjavíkurborgar og það jafnvel talið vera hærra en nemi þeim kostnaði sem borgin hefur af hundahaldi er spurt um hér um í hvað Hundaeftirlitsgjöldin fara? Óskað er eftir sundurliðun fyrir árið 2018 og 2019? Hundaeftirlitið hefur fræðsluskyldu. Hvernig er þeirri fræðslu háttað til hundaeigenda?

Árný Sigurðardóttir

Frá: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is
Sent: mánudagur, 13. janúar 2020 16:12
Til: Árný Sigurðardóttir; Heilbrigðiseftirlit; USK Þjónustu netfang
Efni: Fw: BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hundaeftirlitið og vinnu við að fækka óskráðum hundum - R20010132

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Tilvísun í mál: R20010132

Sæl

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er send heilbrigðiseftirliti til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan þriggja vikna.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R20010132

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hundaeftirlitið og vinnu við að fækka óskráðum hundum - R20010132

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hundaeftirlitið og vinnu við að fækka óskráðum hundum - R20010132

Hundaeftirlit er eitt af þeim verkefnum sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ber ábyrgð á og felst það í framfylgd ákvæða hundsamþykktarinnar. Óskað er upplýsinga um umfang, fjölda einstakra verkefna sem Hundaeftirlitið sinnti árið 2018 og 2019. Með hvaða hætti hefur Hundaeftirlitið beitt sér til að fækka óskráðum hundum í borginni? Hversu oft hefur Hundaeftirlitinu verið tilkynnt um lausagöngu hunda sl. 2 ár? Hversu oft og hversu margir hundar sl. 2 ár verið færðir í geymslu vegna óþæginda sem þeir valda, vegna óþrifnaðar eða vegna þess að þeir hafa raskað ró manna? Komið hefur fram að það taki mörg ár að leysa sum mál sem koma inn á borð hundaeftirlitsins. Hvernig mál er eru það sem tekur fleiri ár að leiða til lykta? Ef Hundaeftirlitið er með hund í geymslu getur eigandinn leyst út hund sinn og fengið reikninginn í heimabanka? Ef ekki, hverjar eru ástæðurnar? Hversu margir af þeim hundum sem Hundaeftirlitið hefur haft

afskipti af með einhverjum hætti eru ekki skráðir? Hversu margir af þeim hundum sem Hundaeftirlitið hefur haft afskipti af með einhverjum hætti eru skráðir en hafa farið á hundanámskeið?

Árný Sigurðardóttir

Frá: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is
Sent: mánudagur, 13. janúar 2020 16:11
Til: Árný Sigurðardóttir; Heilbrigðiseftirlit; USK Þjónustu netfang
Efni: Fw: BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við ártalsmerki til allra skráðra hundaeigenda, kvartana til hundaeftirlitsins og fundi hundaftirlitsins - R20010132

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Tilvísun í mál: R20010132

Sæl

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er send heilbrigðiseftirliti til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan þriggja vikna.

Kveðja,
Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R20010132

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við ártalsmerki til allra skráðra hundaeigenda, kvartana til hundaftirlitsins og fundi hundaftirlitsins - R20010132

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við ártalsmerki til allra skráðra hundaeigenda, kvartana til hundaftirlitsins og fundi hundaftirlitsins - R20010132

Hundaftirlit er eitt af þeim verkefnum sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ber ábyrgð á og felst það í framfylgd ákvæða hundsamþykktarinnar. Óskað er upplýsinga um umfang, fjölda einstakra verkefna sem Hundaftirlitið sinnti árið 2018 og 2019. Óskað er upplýsinga um önnur verkefni Hundaftirlits svo sem: Hver er kostnaðurinn við að framleiða og senda ártalsmerki út á hverju ári til allra skráðra hundaeigenda og hver er raunverulegur tilgangurinn með þeim? Hver er fjöldi innkominna erinda, þ.m.t. kvartanir, á ári hverju sl. 2 ár? Hvernig eru verklagsreglur hundaftirlitsins við vinnslu kvartana? Hver er fjöldi símtala varðandi hundamál í gegnum þjónustuver? Hver er fjöldi símtala í farsíma hundaftirlitsmanna? Hvers vegna auglýsir Hundaftirlitið ekki fundna hunda á netinu? Hvernig er eftirlitsferðum háttað? Samkvæmt ársskýrslu heilbrigðiseftirlitsins voru kvartanir 79 ári 2018 og fer fækkandi samkvæmt skýrslunni og 84 árið

2019. Það kemur því á óvart að Í fjárhagsáætlun sem lögð var fram í desember 2019 má sjá að árið 2019 var fjöldi kvartana 1300 og reiknað er með að árið 2020 verði þær 1400. Óskað er útskýringar á þessu?

Árný Sigurðardóttir

Frá: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is
Sent: mánudagur, 13. janúar 2020 16:11
Til: Árný Sigurðardóttir; Heilbrigðiseftirlit; USK Þjónustu netfang
Efni: Fw: BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hundaeigendur - R20010132

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggð

Tilvísun í mál: R20010132

Sæl

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er send heilbrigðiseftirliti til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan þriggja vikna.

Kveðja,
Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R20010132

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hundaeigendur - R20010132

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hundaeigendur - R20010132

Fyrirspurnir Flokks fólksins um Hundaeftirlitið og störf hundaeftirlitsmanna. Hundaeftirlit er eitt af þeim verkefnum sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ber ábyrgð á og felst það í framfylgd ákvæða hundsamþykktarinnar. Óskað er upplýsinga um umfang, fjölda einstakra verkefna sem Hundaeftirlitið sinnti árið 2018 og 2019. Fyrirspurnir er varða hundaeigendur: Hversu margir eiga fleiri en einn hund? Hvernig er aldursdreifing hundaeigenda og hversu margir eru í hópi eldri borgara? Svar frá Hundaeftirlitinu í janúar 2020: Tölvukerfið býður ekki upp á að greina hundaeigendur eftir aldri. Flokkur fólksins er ekki tilbúinn að sætta sig við að ekki sé hægt að greina hundaeigendur eftir aldri og spyr því aftur um aldursdreifingu? Hversu margir eigendur hafa farið á hundahlýðninámskeið með hund sinn og fá þ.a.l. helmings afslátt af árlegu Hundaeftirlitsgjaldi? Samkvæmt gildandi gjaldskrá og hundaeftirlitssamþykkt er miðað afsláttinn við hvort leyfishafi hafi sótt hundahlýðninámskeið. Þess vegna er spurt af hverju þarf eigandi að fara á námskeið með hvern hund til að fá afslátt vegna þeirra allra? Eru

heimilisföng og skráningar hundaeigenda með hundaleyfi uppfærðar reglulega? Ef svo er hversu tíð er sú uppfærsla?

Svör Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) við spurningum áheyrnarfulltrúa flokk fólksins í innsendum erindum þann 13. janúar 2020 frá Skrifstofu borgarstjórnar, lögð fram í borgarráði þann 9. janúar 2020. Öll erindin eru merkt málnúmeri R20020232.

Erindi innkomið 13. janúar kl. 16:15.

Óskað er eftir *tímaskýrslum* hundaeftirlitsmanna árin 2018 og 2019. Innstimlanir starfsmanna í Vinnustund eru persónugreinanleg gögn og HER hefur ekki heimild til að birta þær. Spurt er um *rafræn samskipti* og hvort þau hafi dregið úr og breytt umfangi hundaeftirlits. Aukin rafræn samskipti hafa breytt vinnulagi gegnum árin innan allrar stjórnarsýslu þ.á.m. hjá öllum starfseiningum Heilbrigðiseftirlitis Reykjavíkur. Innkomnum erindum fjölga með auðveldara aðgengi s.s. tölvupóstum hjá hundaeftirliti sem öðrum. Einnig hafa kröfur um svörun og vandaða stjórnarsýslu aukist mikið gegnum árin.

Fullyrðing um að almenningur hafi tekið við *mörgum verkefnum* hundaeftirlits er óskiljanleg og í besta falli misskilningur. Hundeigendum ber að sinna þeirri skyldu sinni skv. ákvæðum dýraverndunarlöggjafar og samþykkt um hundahald á hverjum stað að finna sinn hund, hafi hann týnst. Gangi það ekki tekur hundaeftirlitið við eða lögregla, eftir eðli máls. Almennungi ber skylda til að hjálpa dýrum í neyð sbr. 7. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra og sveitarfélög er skylt að hafa athvarf sem getur tekið við dýrum sem komast ekki til eigenda sinna. Í lögnum, reglugerð og hundasamþykktum er svo gerð skýr grein fyrir ábyrgð eigenda dýra.

Spurt er um hvort gerð hafi verið *óháð úttekt* á fjármálum hundaeftirlits. Slíkt hefur ekki verið gert en væri ekkert því til fyrirstöðu. HER hefur gegnum árin verið með gagnsæi á rekstri hundaeftirlitsins á heimsíðu embættisins og svarað ítrekað hundeigendum sem og öðrum. Ekkert hefur komið fram gegnum árin sem ekki stenst skoðun varðandi reksturinn enda fylgir hann kröfum sem settar eru um hann. Allur rekstur og starfs- og fjárhagsáætlanir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þ.m.t. hundaeftirlit eru lagðar fyrir heilbrigðisnefnd (umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar) til skoðunar og samþykktar árlega sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjaldskrár eru einnig lagðar fyrir og samþykktar í heilbrigðisnefnd og síðan auglýstar í stjórnartíðindum.

Spurt er hvar starfsemin sé *til húsa* og um *eiganda* húsnæðisins og *leigu*. Öll starfsemi HER er staðsett í Borgartúni 12 eins og fram kemur á heimasíðu, á bréfsfnum og í undirskriftum starfsmanna. Eigandi hússins er HTO ehf og leiga vegna aðstöðu hundaeftirlits er innri leiga greidd til eignasjóðs Reykjavíkurborgar sem er reiknuð eftir sömu reglum og aðrar einingar HER hjá Umhverfis- og skipulagssviði greiða og miðast við fjölda starfsmanna hverrar einingar. Tveir starfsmenn gera 1% af starfsmönnum sviðsins í húsinu og er leigan um 3,7 milljónir á ári.

Í erindinu kemur að kvartað hafi verið undan að hundaleyfisgjald sé *jafnvel talið hærra en nemi kostnaði* sem borgin hefur af hundahaldi, spurt er *í hvað hundagjöldin fara*. HER kannast ekki við slíkar kvartanir enda er reksturinn gagnsær og hefur verið birtur á heimasíðu embættisins í árafjöld. Þar er hægt að skoða rekstarliði milli ára og eins hægt að sjá að hundagjöldin standa ekki undir rekstrinum eins og þau eiga í raun að gera skv. ákvæðum gjaldskrár. Með því er fylgt þeirri meginreglu um þjónustugjöld að innheimta ekki meira en nemur kostnaði við þjónustuna og í tilviki hundaeftirlits innheimt minna en nemur kostnaði.

Spurt er um *fræðsluskyldu*. Öllum erindum og fyrirspurnum er svarað og leiðbeint eins og þörf er á hverju sinni.

Erindi innkomið 13. janúar kl. 16:12.

Óskað er eftir svörum um með hvaða hætti hundaeftirlit hefur *beitt sér að fækka óskráðum hundum* í borginni. Hundaeftirlitið sinnir ábendingum og kvörtunum, skoðar skráningar þar af lútandi, einnig vegna lausagönguhunda og gögnum sem berast sem rannsókuð eru m.t.t. skráninga. Þegar ljóst er að hundur er óskráður og viðkomandi eigandi með lögheimili í borginni er honum gert að ganga frá skráningu.

Spurt er hversu oft hefur verið *tilkynnt um lausagöngu* sl. tvö ár. Ekki er vitað hversu margar nákvæmlega þar sem þær upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi úr tölvukerfi HER. Hundar teknir í vörslur hundaeftirlits sl. tvö ár eru a.m.k. 19 og er þar ekki meðtalið þegar hundar eru teknir og afhentir

eiganda á staðnum. Ástæður eru mismunandi eftir eðli máls en aðallega vegna lausagöngu og mála í ferli hjá hundaeftirliti. Sum mál vegna eðli þeirra, rannsókna, andmæla, kæra o.fl. geta tekið fleiri ár að leysa, hér verður ekki fjallað um einstök mál.

Spurt er um hvort hægt sé að fá lausagönguhund leystan út með því að *fá reikninginn í heimabanka*.

Skylda er skv. 18. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík eins og borgarstjórn hefur ákveðið að greiða verði allan kostnað við handsömun og vistun áður en handsamaður hundur er afhentur.

Spurt er um *hversu margir hundar* af þeim sem hundaeftirlitið hefur haft með að gera hafa verið óskráðir. Svarið við þessu er að þeir eru margir, en engin skráning er til um hversu margir þeir eru gegnum tíðina. Einnig er spurt *hversu margir hundar* sem afskipti hafa verið af með *einhverjum hætti* sem *skráðir* eru, hafa farið á hundanámskeið. Um 65% hunda ásamt eigendum sínum sem eru með leyfi í Reykjavík hafa að farið á viðurkennt námskeið og fá því árlega 50% afslátt frá eftirlitsgjöldum.

Erindi innkomið 13. janúar kl. 16:11.

Spurt er um hver *kostnaður við framleiðslu* annars vegar og *að senda* út ársmerki út til allra skráðra hundeigenda er og hver sé *raunverulegur tilgangur* með merkjunum. Tilgangurinn er að hundar séu auðkenndir að þeir séu löglegir og greitt hafi verið af þeim árgjald, auðvelt sé að sjá hvar þeir eru skráðir eftir sveitarfélagi, auðveldar er að koma þeim til síns heima ef þeir sleppa þar sem upplýsingar um hund og hundeiganda eru á merkjunum. Vinna við að senda út merki, árlega og eins þegar merki eru endurnýjuð er inni í hefðbundinni vinnu hjá hundaeftirliti og ekki innheimt sérstaklega fyrir það. Kostnaður við framleiðslu merkja í dag pr. stk. er 1.084,68 kr.

Spurt er um *fjölda innkominna erinda*. Sá fjöldi liggur ekki fyrir s.s. símtöl í farsíma, alls lags fyrirspurnir, tölvupóstur, bréf o.fl. Hins vegar eru skráð í Þjónustuveri 859 símtöl vegna dýraeftirlits árið 2019. Kvartanir vegna hunda og hundeigenda sem skráðar eru í tölvukerfið árin 2018 og 2019 voru 163.

Spurt er hvers vegna hundaeftirlitið auglýsi ekki fundna hunda á netinu. Mun skilvirkari aðferð fyrir hundaeftirlitið er að hringja í viðkomandi hundeigenda og í framhaldinu afhenda honum hundinn þar sem það er hægt enda er kveðið á um í samþykkt um hundahald að tilkynna eiganda um töku hunds eins fljótt og kostur er.

Spurt er *hvernig eftirlitsferðum er háttað*. Farið er í eftirlit við rannsókn og framfylgd mála sem hundaeftirlitið er með í gangi hverju sinni. Einnig er verið á ferðinni á svæðum þar sem kvartanir eru algengar og í borgarlandinu almennt.

Spurt er um *fjárhagsáætlun* HER og *starfsáætlun* þar sem gert er ráð fyrir 1400 kvörtunum árið 2020. Sú tala er áætluð fyrir alla starfsemi HER; matvælaeftirlit, mengunareftirlit, hollustuháttaeftirlit og hundaeftirlit og er síst ofáætluð.

Reykjavík 16. janúar 2020
Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri